

Að prenta út kjalmiða


Til að prenta út bókamiða er notað Cloud-app sem heitir Spineomatic og þarf að virkja það fyrir hvern notanda. Einungis þarf að gera það einu sinni. Til að virkja Spineomatic er smelt á „Miðstöð skýjaforrita“ (Cloud-App) táknið í efri valmyndinni.




Miðstöð skýjaforrita



Þá kemur upp gluggi sem sýnir þau öpp sem notandinn er búinn að virkja undir glugganum „Virk forrit“. Til þess að bæta við nýju forriti er smelt á „Tiltæk forrit“




Hér þarf að finna Spineomatic og smella á „Virkja“ (activate) til að virkja það.



Miðstöð skýjaforrita (Cloud apps) veit hvaða gögn eru á skjánum og ef SpineOMatic greinir strikamerki kemur græn bóla hjá „Miðstöð skýjaforrita“ merkinu.



Ef prenta á út strikamerki er farið í „Miðstöð Skýjaforrita“ smellt á SpineOMatic og hakað við þau strikamerki sem á að prenta út.



Svo er smellt á next. Þá þarf að velja miðastærð og útlit og smella svo á „Print x labels“, Forritið man hvaða miðastærð og útlit var síðast notað og setur það sjálfgefið næst þegar SpineOmatic er notað.

Þá opnast prentgluggi og þar þarf að passa að vafrinn bæti ekki við spássíum eða reyni að breyta stærðinni.